

12. nóvember 1965.

243

Nr. 91.

TILSKIPUN

um reglur um sérstök ljósmerki fyrir fiskiskip að veiðum með herpinót og kraftblökk.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Samkvæmt 13. gr. tilskipunar um reglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, nr. 79 frá 10. ágúst 1965, eru hér með settar eftirfarandi reglur:

1. gr.

Vélknúið skip að fiskveiðum með herpinót og kraftblökk má hafa tvö rafgul ljós hvort þráðbeint upp af öðru á þaki stýrishússins. Neðra ljósið á að vera minnst 5 fetum og efra ljósið minnst 8 fetum ofar en hliðarljósin, enn fremur skulu þau sjást, hvaðan sem litið er 2 sjómílar á lengdar að minnsta kosti. Ljós þessi skulu þannig gerð, að þau tendrist og slökkni á vixl með um það bil einnar sekúndu millibili, þannig að efra ljósið tendrist, þegar slökknar á því neðra og öfugt.

Þessi ljós má aðeins sýna meðan veiðarfærið er í sjó og eiga þau að vara önnur skip við að fara of nærri.

2. gr.

Tilskipun þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 13. gr. tilskipunar um reglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, nr. 79 frá 10. ágúst 1965, öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 12. nóvember 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.